

Alþingi  
Erindi nr. þ 138/569  
komudagur 9.12.2009

Til nefndasviðs Alþingis.

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur ofl.)  
Þskj. 273 - 239 mál.

Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp. Ræða má um verð og fyrirkomulag sölu áfengis og tóbaks út frá ýmsum sjónarmiðum. Þessi umsögn takmarkast nær eingöngu við sjónarmið tengd forvörnum og heilsueflingu. Sú nálgun er í samræmi við lögbundið hlutverk Lýðheilsustöðvar, sem felst m.a. í því að veita stjórnvöldum ráðgjöf um aðgerðir til að efla lýðheilsu (3. gr. laga nr. 18 frá 2003 um Lýðheilsustöð). Umsögnin fjallar því ekki um málið út frá viðskiptafrelsi eða hagsmunum neytenda.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir 10% hækkun gjalds af áfengi og tóbaki.

Alþjóðaheilbrigðismálfunduninni hefur ítrekað bent á að verðlagning á áfengi og tóbak sé góð leið til að draga úr neyslu áfengis og tóbaks. Út frá heilbrigðissjónarmiði er það því jákvætt að stoðum sé hér skotið undir úrræði sem talin er virkt úr frá forvarnasjónarmiði.

Meðfylgjandi er listi yfir heimildir þar sem fram kom áhrif verðs á neyslu áfengis og tóbaks. Einnig er slóð á íslensk samantekt úr bókinni Alcohol no ordinary commodity eftir Babor o.fl. (2005) en þar er m.a. farið yfir áhrif verðs á neyslu. ([http://www.lydheilsustod.is/media/afengi/Afengi\\_engin.pdf](http://www.lydheilsustod.is/media/afengi/Afengi_engin.pdf)).

**Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við VII. Kafla, 15. grein, b.b. lið og 20. grein frumvarpsins:**

Lýðheilsustöð telur brýnt að við skattbreytingar sem þessar séu manneldis- og tannheilsu-sjónarmið lögð til grundvallar. Mikil neysla sykraðra gos- og svaladrykkja hefur verið tengd við aukna tíðni ofþyngdar og offitu auk þess sem sykurrinn skemmir tennurnar. Í gos- og svaladrykkjum (hvort sem þeir eru sykraðir eða með sætuefnum) eru að auki ávaxtasýrur og rotvarnarsýrur sem geta leyst upp glerung tannanna (bent er á þessa grein til frekari upplýsingar um flokkun vatnsdrykkja: <http://www.lydheilsustod.is/deiglan/hollrad-fyrir-heilsuna/nr/2626>). Lýðheilsustöð styður því hækkun virðisaukaskatts á gos- og svaladrykki, íþrótta- og orkudrykki og vatnsdrykki sem innihalda ávaxtasýru (E330), óháð því hvort drykkirnir innihalda sykur eða sætuefni.

Lýðheilsustöð leggur til að virðisaukaskattur verði ekki hækkaður á hreinum ávaxta- og grænmetissöfum eins og til stendur að gera samkvæmt frumvarpsdrögum.

Lýðheilsustöð fagnar því að drykkjarvatn og hreint kolsýrt vatn sé undanskilið hækkun gjalda en leggur til að gjöld verði ekki hækkuð á kolsýrðu vatni með bragðefnum eingöngu (án ávaxtasýru), þar sem slíkir drykkir eyða ekki glerungi tanna og telst hollur kostur. Til að þetta sé mögulegt þarf að gera breytingu á tollaflokkum.

## Ákveðið misræmi er í frumvarpsdrögum sem vert er að benda á:

Til stendur að hækka virðisaukaskatt á glúten- og próteinlausu sælgæti sérstaklega tilreitt fyrir ofnæmis- og efnaskiptasjúklinga (17049008). Einnig á öðru sælgæti sem hvorki inniheldur sykur né kakó (21069072). Lýðheilsustöð telur ekki æskilegt að hækka virðisaukaskatt á vörum sem ætlaðar eru sérhópum sem þurfa vegna óþols, ofnæmis eða efnaskiptasjúkdóma að velja ákveðnar vörur.

Allt morgunkorn er undanþegið hækkun virðisaukaskatts, en morgunkorn flokkast í þrjá tollaflokka: 18062007, 18069027, 19041002. Fyrstu tveir eru morgunkorn með súkkulaði eða kakói en þær vörur eru oft meira í líkingu við sælgæti en hollan mat og ættu því ekki óeðlilegt að þær vörur fái á sig hækkun á virðisaukaskatti. Í flokki 19041002 er hins vegar bæði lítið sykrað og mikið sykrað morgunkorn (en án kakós eða súkkulaðis). Þessum flokki mætti skipta upp eftir sykurinnihaldi og skattleggja með tilliti til þess.

Til stendur að hækka virðisaukaskatt á kexi og kökum í tollflokki 1905 en ekki á sætakexi og smákökum, sem innihalda <20% sykur (19053132) en bent er á að sykur uppundir 20% telst mikill sykur.

Virðisaukaskattur verður hækkaður á mjólk og mjólkurvörum sem í er kakó (18069011) en ekki á öðrum mjólkurvörum sem í er kakó (18069019) eða öðrum drykkjum sem innihalda mjólk eða mjólkurafurðir (22029011-22029019).

Loks skal bent á að til stendur að hækka virðisaukaskatt á reyrmelassa til fódurs (17031001) en ekki á annan fódurmelassa (17039001). Sömuleiðis verður virðisaukaskattur hækkaður á annan melassa (17039009) en ekki á reyrmelassa með bragð- eða litarefnum (17031002) og annan reyrmelassa (17031009).

Meðfylgjandi er listi yfir heimildir þar sem fram kom áhrif verðs á neyslu áfengis og tóbaks: Anderson, P. og Baumberg, B. (2006). *Alcohol in Europe; A public health perspective*. Institute of Alcohol Studies, UK. Sótt 23. febrúar 2007 af [http://ec.europa.eu/health-eu/news\\_alcoholineurope\\_en.htm](http://ec.europa.eu/health-eu/news_alcoholineurope_en.htm) (Samantekt fylgir)

Babor, T. F., Caetano, R., Casswell, S., Edwards, G., Giesbrecht, N., Graham, K., Grube, J., Gruenewald, P., Hill, L., Holder, H., Homel, R., Österberg, E., Rehm, J., Room, R. & Rossow, I. (2003). *Alcohol: No ordinary commodity—Research and public policy*. Oxford: Oxford University Press. (Þýdd samantekt fylgir)

Birckmayer, J. D., Holder, H. D., Yacoubian, G. S., og Friend, K. B. (2004). A general causal model to guide alcohol, tobacco, and illicit drug prevention: Assessing the research evidence. *Journal of Drug Education*, 34, 121-153.

World Health Organization. (2004). *What are the most effective and cost-effective interventions in alcohol control?* Kaupmannahöfn: World Health Organization. Sótt 24. mars 2007 <http://www.euro.who.int/document/E82969.pdf>

WHO Report on the Global Tobacco Epidemic, 2008 - The MPOWER package

<http://www.who.int/tobacco/mpower/en/index.html>

World Health Organization, Regional Office for Europe. The European Tobacco Control Report 2007.

<http://www.euro.who.int/Document/E89842.pdf>

World Bank. Tobacco control at a glance. Washington DC, 2003  
[www.worldbank.org/tobacco](http://www.worldbank.org/tobacco)

**Virðingarfyllst,**

**Margrét Björnsdóttir**  
**forstjóri Lýðheilsustöðvar**